

Ég heiti Rafn Jónsson og býð mig hér með fram til setu í aðalstjórn eða varastjórn EFIA. Hef verið í FÍA síðan 1982. Ég var lengst af flugmaður/flugstjóri hjá Icelandair. Ég hef fylgst með EFIA undanfarna áratugi og langar að taka þátt í starfi sjóðsins.

Ég hef í mörg ár fylgst með starfi sjóðsins og oft langað til að vera með í stjórnun hans. Þangað til núna hafa slík tækifæri ekki gefist, þar sem aðeins hefur verið tilnefnt í sjóðinn en ekki farið fram kosningar. Kosningar til stjórnar tryggja gagnsæi og fjölbreytni í stjórn sjóðsins.



Ég hef ekki komið mikið að rekstri fyrirtækja en hef góða, almenna lífsreynslu í fjármálum og hef í félagsstarfi fengið nokkra yfirsýn yfir rekstur og uppgjör og kynnst gerð ársreikninga – þótt allt aðrar tölur hafi verið uppi á borðum heldur en eru hjá EFIA! Ég hef aflað mér nokkurrar þekkingar í áætlanagerð og lestri ársreikninga.

Eftirlaunasjóður Félags íslenskra atvinnuflugmanna er í grunninn sterkur sjóður með gríðarlega fjármuni, um 37.000 milljónir króna, sem honum ber að ávaxta sem með bestum og öruggustum hætti. Margt hefur vel tekist til og annað miður, eins og gengur og gerist. Mig langar til að taka þátt í vörslu og vexti þessa sjóðs til að tryggja núverandi lífeyrisfólki góð kjör og byggja undir lífeyri þeirra sem munu sækja hann í framtíðinni.

Auk þess að starfa sem flugmaður í áratugi hef ég lokið BA námi frá HÍ í guðfræði og prófi í hagnýtri fjölmiðlun og verið í meistaranámi í þróunarfræðum við sama skóla. Meðfram fluginu rak ég um tíma lítið kynningarfyrirtæki og starfaði fyrir Alþjóða rauða krossinn í Súdan 2004 þegar átökin í Darfur stóðu sem hæst og svo aftur í Pakistan 2006 í kjölfar jarðskjálftanna þar.

Undanfarin ár hef ég rekið lítið fyrirtæki, tekið virkan þátt í félagsstörfum á vettvangi Lionshreyfingarinnar og Oddfellowreglunnar, auk þess að vera formaður Lágafellssóknar.

Ég er kvæntur og á fimm börn, 10 barnabörn og eitt barnabarnabarn. Hef óflekkað mannorð, hef aldrei hlotið dóm af neinu tagi né sætt refsingu, er fjárráða.